

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/377

2023/EES/79/26

frá 15. febrúar 2023

um breytingu á II., III., IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bensalkóníumklóríð (BAC), klórprófam, dídekýldímetýlammóníumklóríð (DDAC), flútríafól, metasaklór, nikótín, prófenófos, kvisalófóp-P, natríumálsílikat, þíabendasól og triadímenól í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (1), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og b-lið 1. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir flútríafól, metasaklór, kvisalófóp-P, þíabendasól og triadímenól. Í II. viðauka og í B-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir prófenófos. Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir bensalkóníumklóríð (BAC), klórprófam, dídekýldímetýlammóníumklóríð (DDAC) og nikótín. Natríumálsílikat er skráð í IV. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Bensalkóníumklóríð er ekki samþykkt virkt efni í plöntuverndarvörur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 (2). Dídekýldímetýlammóníumklóríð var samþykkt sem virkt efni í plöntuverndarvörur til notkunar á skrautplöntur en öll leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda dídekýldímetýlammóníumklóríð hafa verið afturkölluð eftir að samþykkið fyrir því var dregið til baka (3). Þó eru bæði efnin notuð sem sæfiefni til sóthreinsunar. Sú notkun getur leitt til greinanlegra efnaleifa í matvælum. Að því er varðar bæði efnin voru því fastsett bráðabirgðahámarksgildi leifa með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2014 (4) fyrir allar afurðir þar eð stjórnendur matvæla sýndu fram á að leifar þessara efna eru fyrir hendi í matvælum í magni sem fer oft yfir staðlað hámarksgildi leifa sem nemur 0,01 mg/kg vegna notkunar þeirra sem sæfiefni. Endurskoða átti þessi hámarksgildi leifa á grundvelli vöktunargagna eftir 5 ár.
- 3) Framkvæmdastjórnin greindi vöktunargögnin vegna bensalkóníumklóríðs sem sýndu að leifar af þessu efni eru enn fyrir hendi í nokkrum afurðum í magni sem er yfir magngreiningarmörkum og svipað og gildandi bráðabirgðahámarksgildi leifa. Framkvæmdastjórnin greindi einnig vöktunargögnin vegna dídekýldímetýlammóníumklóríðs sem sýndu að leifar af þessu efni eru enn fyrir hendi í nokkrum afurðum úr dýraríkinu í magni sem er yfir

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 55, 22.2.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) (Stjtið. ESB L 70, 16.3. 2005, bls. 1).

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 175/2013 frá 27. febrúar 2013 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar afturköllun á samþykki fyrir virka efninu dídekýldímetýlammóníumklóríði (Stjtið. ESB L 56, 28.2.2013, bls. 4).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2014 frá 16. október 2014 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bensalkóníumklóríð og dídekýldímetýlammóníumklóríð í eða á tilteknum afurðum (Stjtið ESB L 304, 23.10.2014, bls. 43).

magngreiningarmörkum og svipað og gildandi bráðabirgðahámarksgildi leifa. Í vörum úr jurtaríkinu hafa gildi leifa fyrir dídekýldímetýlammóníumklóríð lækkað og eru alltaf undir gildandi bráðabirgðahámarksgildum leifa. Því er rétt að lækka gildandi bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir dídekýldímetýlammóníumklóríð í þessum afurðum til samræmis við það. Endurskoða ætti bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir bensalkóníumklóríð og dídekýldímetýlammóníumklóríð innan sjö ára frá birtingu þessarar reglugerðar til að meta ný gögn og upplýsingar sem verða aðgengileg.

- 4) Virka efnið klórprófam er ekki samþykkt í Sambandinu. Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir klórprófam í kartöflum var fastsett með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/155 ⁽⁵⁾ þar eð vöktunargögn sýndu hugsanlega mengun í kartöflum yfir magngreiningarmörkum ef þær eru geymdar í aðstöðu þar sem klórprófam hefur verið notað. Í þeirri reglugerð var þess einnig krafist að atvinnugreinasamtök og kartöfluframleiðendur þróuðu og innleiddu nýjar og skilvirkari aðferðir við hreinsun til að draga úr slíkri mengun og legðu ný vöktunargögn fyrir framkvæmdastjórnina til að gera framkvæmdastjórninni kleift að endurskoða þetta bráðabirgðahámarksgildi leifa.
- 5) Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir klórprófam í kartöflum var endurskoðað á grundvelli vöktunargagna sem voru lögð fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 31. desember 2021. Þar eð nýleg vöktunargögn sýndu að sem stendur er unnt að ná lægra hámarksgildi leifa en 0,4 mg/kg ætti að fastsetja þetta hámarksgildi leifa við 0,35 mg/kg.
- 6) Endurskoða ætti þetta bráðabirgðahámarksgildi leifa á grundvelli vöktunargagna sem lögð eru fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2022 og eigi síðar en 31. desember á hverju ári eftir það. Þetta mun gera framkvæmdastjórninni kleift að endurmeta aðstæður reglulega og lækka smám saman hámarksgildi leifa, eftir því sem við á, eftir því sem miðar við að koma betri aðferðum við hreinsun í framkvæmd. Leggja ætti skýrslu um framvindu og framkvæmd aðferða við hreinsun fyrir framkvæmdastjórnina ásamt vöktunargögnum, eigi síðar en 31. desember 2022, og uppfærslur á henni á næstu árum þar á eftir. Breyta ætti viðkomandi neðanmálgrein fyrir kartöflur í III. viðauka til samræmis við það.
- 7) Samkvæmt 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 396/2005 var lögð fram umsókn um innflutningsvikmörk að því er varðar flútríafól til notkunar á aldinum plantna af graskersætt með óætu hýði í Bandaríkjunum. Umsækjandinn lagði fram gögn sem sýndu að viðurkennd notkun efnisins á þessar nytjaplöntur í Bandaríkjunum leiðir til þess að styrkur leifa verður meiri en hámarksgildi leifa í reglugerð (EB) nr. 396/2005 segir til um og að nauðsynlegt sé að setja hærri hámarksgildi leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum við innflutning á þessum nytjaplöntum til Sambandsins. Með þessari umsókn lagði umsækjandinn einnig fram upplýsingar, sem lágu ekki fyrir á meðan á endurskoðuninni stóð sem var framkvæmd í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, um eðli leifa í unnum vörum að því er varðar flútríafól í kjarnaávöxtum og vínþrúgum, um prófanir á leifum í hrísgrjónum og um geymsluskilyrði fyrir sýni úr fôðurrannsóknnum og um stöðugleika við geymslu á lifur úr svínnum, nautgripum, sauðfé, geitum og hestum og lifur úr öðrum landdýrum.
- 8) Viðkomandi aðildarríki mat umsóknina fyrir flútríafól í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslan var send framkvæmdastjórninni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á umsóknina og matsskýrsluna og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr, og skilaði rökstuddu álit um tillögð hámarksgildi leifa ⁽⁶⁾. Hún sendi þetta álit til umsækjandans, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að allar kröfur að því er varðar heildstæðni framlagðra gagna hefðu verið uppfylltar og að breytingin, sem umsækjandinn óskaði eftir að yrði gerð á hámarksgildum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Í niðurstöðum sínum tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til nýjustu gagna um eitrefnafræðilega eiginleika efnanna. Hvorki þótti sýnt að langtímaváhrif af völdum efnisins vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið það, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.
- 9) Rétt þykir að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir flútríafól í aldinum plantna af graskersætt með óætu hýði við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi. Matvælaöryggisstofnunin athugaði viðbótargögnin sem lögð voru fram og komst að þeirri niðurstöðu að huga þyrfti að áhættustjórnun varðandi rauðrófur en öll önnur hámarksgildi leifa, þar sem eyður í gögnum komu fram í endurskoðuninni sem var gerð í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, eru nú að

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/155 frá 9. febrúar 2021 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir koltetraklóríð, klórþalóní, klórprófam, dímetóat, etóprófos, fenamíðón, metíókarb, ómetóat, própíkónasól og pímetrósin í eða á tilteknum afurðum (Stjtið. ESB L 46, 10.2.2021, bls. 5).

⁽⁶⁾ EFSA 2020. „Reasoned opinion on the evaluation of confirmatory data following the Article 12 MRL review and setting of an import tolerance for flutriafol in cucurbits (inedible peel).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(12), 6315.

fullu studd með gögnum. Að því er varðar flútríafól í rauðrófum þykir rétt að framreikna gögn sem varða prófanir á leifum í sykurrófum sem staðfesta gildandi hámarksgildi leifa. Þess vegna ætti að fella brott allar viðkomandi neðanmálgreinar í II. viðauka, þar sem lögð er áhersla á þörf fyrir viðbótargögn, og viðhalda ætti hámarksgildi leifa fyrir rauðrófum. Á grundvelli rökstutts álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til viðeigandi þátta sem eru tilgreindir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 þykir rétt að breyta hámarksgildum leifa eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

- 10) Að því er varðar metasaklór lagði umsækjandinn fram upplýsingar, sem lágu ekki fyrir á meðan á endurskoðuninni stóð sem var framkvæmd í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, um prófanir á leifum metasaklóns í höfuðkáli og hnúðkáli sem sýndu fram á að hámarksgildi leifa eru að fullu studd með gögnum ⁽⁷⁾. Umsækjandinn lagði einnig fram upplýsingar, sem lágu ekki fyrir á meðan á endurskoðun stóð sem var framkvæmd í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, um prófanir á leifum metasaklóns á blómstrandi káli og grænkáli sem gera það kleift að fastsetja lægri hámarksgildi leifa en þau sem eru sem stendur fastsett og sem eru ennþá að fullu studd með gögnum. Að því er varðar metasaklór á hreðkum vantar enn gögn varðandi prófanir á leifum. Útreikningur á álagi á búfé gegnum fæðu var uppfærður á grundvelli nýrra upplýsinga. Á grundvelli þessa uppfærða útreiknings er hægt að fastsetja lægra hámarksgildi leifa, sem nemur 0,15 mg/kg fyrir lifur úr svínum, sem er öruggt fyrir neytendur.
- 11) Viðkomandi aðildarríki mat umsóknina fyrir metasaklór í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslan var send framkvæmdastjórninni. Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknina og matsskýrsluna og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddu álitum um tillögð hámarksgildi leifa ⁽⁸⁾. Matvælaöryggisstofnunin sendi álitid til umsækjandans, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að allar kröfur að því er varðar heildstærni framlagðra gagna hefðu verið uppfylltar og að breytingin, sem umsækjandinn óskaði eftir að yrði gerð á hámarksgildum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á vahrifum sem neytendur verða fyrir. Í niðurstöðum sínum tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til nýjustu gagna um eitrefnafræðilega eiginleika efnanna. Hvorki þótti sýnt að langtímaváhrif af völdum efnisins vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið það, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.
- 12) Að því er varða metasaklór í höfuðkáli og hnúðkáli þykir rétt að viðhalda hámarksgildi leifa við gildandi gildi. Að því er varðar metasaklór í blómstrandi káli og grænkáli þykir rétt að lækka hámarksgildi leifa í gildið sem Matvælaöryggisstofnunin leggur til. Að því er varðar metasaklór á hreðkum þykir rétt að lækka hámarksgildi leifa í magngreiningarmörk. Fella ætti brott viðkomandi neðanmálgreinar í II. viðauka þar sem lögð er áhersla á þörf fyrir viðbótargögn fyrir þessar afurðir. Að því er varðar metasaklór í lifur úr svínum þykir rétt að lækka hámarksgildi leifa í gildið sem Matvælaöryggisstofnunin leggur til. Á grundvelli rökstutts álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli, sem eru skráðir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, uppfylla tillagðar breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. þeirrar reglugerðar.
- 13) Að því er varðar nikótín voru bráðabirgðahámarksgildi leifa fastsett til 19. október 2021 fyrir rósaldin, kryddjurtir og æt blóm, villta sveppi (ferska), te, jurtate og krydd í reglugerð (ESB) nr. 812/2011 ⁽⁹⁾ meðan beðið var framlagningar og mats á nýjum gögnum og upplýsingum um það hvort nikótín kemur fyrir frá náttúrunnar hendi í þessum afurðum eða myndast í þeim. Ótvíræðar rannsóknaniðurstöður liggja ekki fyrir til að sýna fram á að nikótín komi fyrir á náttúrulegan hátt í þessum afurðum og til að varpa ljósi á hvernig það myndast. Matvælaöryggisstofnunin og stjórnendur matvælafyrirtækja lögðu fram nýleg vöktunargögn sem sýna að þó að leifar af þessu efni finnist enn í þessum afurðum í magni sem er yfir magngreiningarmörkum hafa gildin fyrir leifar lækkað. Að því er varðar rósaldin og te greindi Matvælaöryggisstofnunin að auki óviðunandi áhættu fyrir neytendur vegna gildandi hámarksgilda leifa ⁽¹⁰⁾. Af þessum

⁽⁷⁾ EFSA 2019. „Reasoned opinion on the evaluation of confirmatory data following the Article 12 MRL review and modification of the existing maximum residue levels for metazachlor in various commodities.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(10), 5819.

⁽⁸⁾ EFSA 2019. „Reasoned opinion on the evaluation of confirmatory data following the Article 12 MRL review and modification of the existing maximum residue levels for metazachlor in various commodities.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(10), 5819.

⁽⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2011 frá 10. ágúst 2011 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dímetómorf, flúópíklólíð, mandíprópamíð, metrafenón, nikótín og spirótetramat í eða á tilteknum afurðum (Stj.íð. ESB L 208, 13.8.2011, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ EFSA 2022. „Statement on the short-term (acute) dietary exposure assessment for the temporary maximum residue levels for nicotine in rose hips, teas and capers.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(9), 7566.

sökum, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og á grundvelli vöktunargagna, þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir nikótín í rósalduinum við 0,2 mg/kg, fyrir nikótín í kryddjurtum og ætum blómum við 0,1 mg/kg, fyrir nikótín í villtum sveppum (ferskum) við 0,02 mg/kg, fyrir nikótín í tei við 0,5 mg/kg, fyrir nikótín í jurtatei við 0,3 mg/kg, fyrir nikótín í krydd úr fræjum og aldinkryddi við 0,02 mg/kg og fyrir allt annað krydd við 0,07 mg/kg. Að því er varðar allar aðrar afurðir sem engin sértæk hámarksgildi leifa voru fastsett fyrir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 396/2005 þykir rétt að tilgreina að magngreiningarmörkin gilda.

- 14) Rétt þykir að halda áfram að vakta gildi nikótíns í rósalduinum, kryddjurtum og ætum blómum, jurtatei og kryddi og að endurskoða þessi hámarksgildi leifa á grundvelli vöktunargagna sem lögð verða fyrir framkvæmdastjórnina innan sjö ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Að því er varðar nikótín í tei gilda bráðabirgðahámarksgildi leifa í þrjú ár eftir birtingu þessarar reglugerðar. Eftir þá dagsetningu verður hámarksgildi leifa 0,04 mg/kg, nema því verði breytt enn frekar með reglugerð í ljósi nýrra upplýsinga sem lagðar verða fyrir eigi síðar en 30. júní 2025. Að því er varðar nikótín í villtum sveppum (ferskum) þykir rétt að aðlaga endurskoðun á þessu hámarksgildi leifa að endurskoðun á bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir villta sveppi (þurrkaða), sem mun byggjast á vöktunargögnum sem verða lögð fyrir framkvæmdastjórnina innan sjö ára frá birtingu reglugerðar (ESB) 2022/1290 ⁽¹⁾, þar sem bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir þetta efni í öðrum afurðum verða endurskoðuð.
- 15) Að því er varðar prófenófos var bráðabirgðahámarksgildi leifa fastsett með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 1096/2014 ⁽²⁾ til 18. október 2021 fyrir kryddjurtir og æt blóm, meðan beðið var eftir því að vöktunargögn yrðu lögð fram um tilvist þessa virka efnis í þessum afurðum. Matvælaöryggisstofnunin og stjórnendur matvælafyrirtækja lögðu fram nýleg vöktunargögn sem sýna að þó að leifar af þessu virka efni finnist enn yfir magngreiningarmörkum í kryddjurtum og ætum blómum hafa gildin fyrir leifar lækkað. Þess vegna ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir kryddjurtir og æt blóm við 0,03 mg/kg. Rétt þykir að halda áfram að vakta gildi prófenófos í kryddjurtum og ætum blómum og að endurskoða þetta hámarksgildi leifa á grundvelli vöktunargagna sem lögð verða fyrir framkvæmdastjórnina innan sjö ára frá birtingu þessarar reglugerðar.
- 16) Umsókn skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir kvísalófóp-P sem leiðir af notkun kvísalófóp-P-etylís á kúmen var lögð fram.
- 17) Viðkomandi aðildarríki mat umsóknina í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslan var send framkvæmdastjórninni. Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknina og matsskýrsluna og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddu álit um tillagt hámarksgildi leifa ⁽³⁾. Matvælaöryggisstofnunin sendi þetta álit til umsækjandans, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að allar kröfur að því er varðar heildstæðni framlagðra gagna hefðu verið uppfylltar og lagði til, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, að fastsetja lægra hámarksgildi leifa sem væri viðunandi að því er varðar öryggi neytenda á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Í niðurstöðum sínum tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til nýjustu gagna um eiturefnafræðilega eiginleika efnanna. Hvorki þótti sýnt að langtímaváhrif af völdum þessara efna vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið þau, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar. Á grundvelli rökstutts álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til viðeigandi þátta sem eru tilgreindir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 þykir rétt að breyta hámarksgildum leifa eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 18) Allar umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu natríumálsílikati voru afturkallaðar og bundinn var endi á endurnýjunarferlið fyrir áhættumat Matvælaöryggisstofnunarinnar. Samþykkið fyrir natríumálsílikati rann út 31. ágúst 2019 ⁽⁴⁾. Natríumálsílikat var fært tímabundið á skrá í IV. viðauka meðan beðið var eftir því að lokið yrði við mat á því samkvæmt tilskipun 91/414/EBE og meðan beðið var eftir endurskoðun á því skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Eftir að samþykkið fyrir þessu efni rann út felldi Matvælaöryggisstofnunin það inn í yfirlýsingu sína um

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1290 frá 22. júlí 2022 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ametókratín, klórmequat, dóðín, nikótín, prófenófos og Spodoptera exigua multicapsid-kjarmargflötungaveiru (SeMNPV), einangur BV-0004, í eða á tilteknum afurðum (Stjtið. ESB L 196, 25.7.2022, bls. 74).

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1096/2014 frá 15. október 2014 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir karbaryl, prósymíðón og prófenófos í eða á tilteknum afurðum (Stjtið ESB L 300, 18.10.2014, bls. 5).

⁽³⁾ „Reasoned Opinion on the modification of the existing maximum residue level for quizalofop (resulting from the use of quizalofop-P-ethyl) in caraway.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(12), 6957, 32 bls. Vísindaskýrslur Matvælaöryggisstofnunar Evrópu eru aðgengilegar á Netinu á: <https://www.efsa.europa.eu>

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/324 frá 25. febrúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilinum fyrir virku efnin bífentrín, karboxín, FEN 560 (einnig kallað gríkkjasmári eða duft úr fræjum gríkkjasmára), útdráttarleifar úr pipardufti og natríumálsílikat (Stjtið. ESB L 57, 26.2.2019, bls. 1).

virka efni sem eru varnarefni þar sem ekki er krafist endurskoðunar á gildandi hámarksgildum leifa skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 8396/2005 ⁽¹⁵⁾. Í þeirri yfirlýsingu greindi Matvælaöryggisstofnunin frá því að sannanir til þess að komast að niðurstöðu um öryggi þessa efnis væru ófullnægjandi þar eð heildstæð eiturefnafræðileg gögn lægju ekki fyrir. Af þessum sökum og einnig að teknu tilliti til þess að natríumásilíkat eykur á fæðutengd heildarváhrif á menn af völdum áls, sem er þegar yfir ásættanlegri vikulegri inntöku hjá talsverðum hluta íbúa í Evrópu ⁽¹⁶⁾, þykir rétt að fastsetja öll hámarksgildi leifa fyrir þetta virka efni við magngreiningarmörk og skrá þau í V. viðauka í samræmi við a-lið 1. mgr. 14. gr., í tengslum við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

- 19) Að því er varðar þíabendasól lagði einn umsækjanda, innan ramma framlagningar á nokkrum umsóknum skv. 1. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 þar sem farið var fram á breytingar á gildandi hámarksgildum leifa fyrir þíabendasól í nokkrum nytjaplöntum, fram upplýsingar, sem lágu ekki fyrir á meðan á endurskoðun stóð sem var framkvæmd í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, um greiningaraðferðir fyrir þíabendasól í afurðum úr dýraríkinu.
- 20) Viðkomandi aðildarríki mátu allar umsóknir fyrir þíabendasól í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslurnar voru sendar framkvæmdastjórninni. Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknirnar og matskýrslurnar og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddu álitum um tillögð hámarksgildi leifa ⁽¹⁷⁾. Matvælaöryggisstofnunin sendi þetta álit til umsækjandans, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að allar kröfur að því er varðar heildstæðni framlagðra gagna hefðu verið uppfylltar og að breytingin, sem umsækjandinn óskaði eftir að yrði gerð á hámarksgildum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Í niðurstöðum sínum tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til nýjustu gagna um eiturefnafræðilega eiginleika efnisins. Hvorki þótti sýnt að langtímaváhrif af völdum efnisins vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið það, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.
- 21) Á grundvelli rökstudds álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti voru viðkomandi breytingar á hámarksgildum leifa fyrir vörur úr jurtaríkinu innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1807 ⁽¹⁸⁾.
- 22) Að því er varðar þíabendasól í vörum úr nautgripum, vörum úr geitum, mjólk úr nautgripum og geitamjólk eru fyrirliggjandi upplýsingar fullnægjandi til að leiða af þeim hámarksgildi leifa við magngreiningarmörk sem nemur 0,01 mg/kg á grundvelli uppfærðs álags á búfé gegnum fæðu í ESB. Því er rétt að fastsetja lægri hámarksgildi leifa, sem samsvara hámarksgildum leifa fyrir dýralyf sem voru fastsett með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ⁽¹⁹⁾ ⁽²⁰⁾, þar eð búist er við að váhrif vegna notkunar í dýralyf verði meiri en vegna notkunar í plöntuverndarvörur. Að því er varðar vöðva úr alifuglum, fitu úr alifuglum og fuglsegg samsvara gildandi hámarksgildi leifa CXL-hámarksgildum sem eru ekki að fullu studd með gögnum. Því þykir rétt að lækka gildandi hámarksgildi leifa í magngreiningarmörk. Að því er varðar allar aðrar afurðir úr dýraríkinu eru fyrirliggjandi upplýsingar fullnægjandi til að leiða af þeim hámarksgildi leifa við magngreiningarmörk sem nemur 0,01 mg/kg á grundvelli uppfærðs álags á búfé gegnum fæðu í ESB. Því þykir rétt að lækka gildandi hámarksgildi leifa í magngreiningarmörk. Fella ætti brott viðkomandi neðanmálgreinar í II. viðauka þar sem lögð er áhersla á þörf fyrir viðbótargögn fyrir þessar afurðir. Á grundvelli rökstutts álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til viðeigandi þátta sem eru tilgreindir í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 þykir rétt að breyta hámarksgildum leifa eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

⁽¹⁵⁾ EFSA 2019. „Statement on the pesticide active substances that do not require a review of the existing maximum residue levels under Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(12), 5954.

⁽¹⁶⁾ „Scientific Opinion of the Panel on Food Additives, Flavourings, Processing Aids and Food Contact Materials on a request from European Commission on Safety of aluminium from dietary intake.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 754, 1–34.

⁽¹⁷⁾ EFSA 2021. „Reasoned Opinion on the modification of the existing maximum residue levels and setting of import tolerances for thiabendazole in various crops.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(5), 6586.

⁽¹⁸⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1807 frá 13. október 2021 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asíbensólar-S-metýl, vatnskenndan útdrátt úr spíruðum fræjum sætra ljósalúpína, asoxýstróbín, klópýralíð, sýflúfenamíð, flúdíoxóníl, flúópýram, fosetýl, metasaklór, oxapíapíprólin, tebúfenósíð og þíabendasól í eða á tilteknum afurðum (Stjtið. ESB L 365, 14.10.2021, bls. 1).

⁽¹⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virka efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

⁽²⁰⁾ EFSA 2021. „Reasoned Opinion on the modification of the existing maximum residue levels and setting of import tolerances for thiabendazole in various crops.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(5), 6586.

- 23) Allar umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir virka efniútriátriádimenóli voru afturkallaðar og bundinn var endi á endurnýjunarferlið fyrir áhættumat Matvælaöryggisstofnunarinnar. Þess vegna rann samþykkið fyrir triádimenóli út 31. ágúst 2019. Að því er varðar aldin plantna af graskersætt með óætu hýði og ætíþistla eru gildandi CXL-hámarksgildi ekki að fullu studd með gögnum⁽²¹⁾ og að því er varðar þrúgur samrýmist gildandi CXL-hámarksgildið ekki skilgreiningum Sambandsins á leifum⁽²²⁾. Því ætti að lækka hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í magngreiningarmörk. Að því er varðar allar aðrar afurðir þykir rétt að lækka gildandi hámarksgildi leifa sem sett eru fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 í magngreiningarmörk í samræmi við a-lið 1. mgr. 14. gr., í tengslum við 17. gr. þeirrar reglugerðar.
- 24) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.
- 25) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 26) Að því er varðar öll virk efni sem falla undir þessa reglugerð, til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða, ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri heilsuvernd neytenda sé viðhaldið. Þetta gildir um allar afurðir, að undanskildu nikótíni í rósaldinum og tei.
- 27) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælaafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem leiða af þessum breytingum.
- 28) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., III., IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, skal gilda áfram um afurðir sem voru framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins fyrir 14. september 2023, að undanskildu nikótíni í rósaldinum og tei.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. september 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. febrúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽²¹⁾ EFSA 2016. „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for triadimenol according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14 (1), 4377.

⁽²²⁾ EFSA 2016. „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for triadimenol according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14 (1), 4377.

VIÐAUKI

Ákvæðum II., III., IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dálkanna fyrir flútríafól, metasaklór, prófenófos, kvisalóföp-P, þíabendasól og tríadímenól í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (*)	Flútríafól	Metasaklór (summa umbrotsefna 479M04, 479M08 og 479M16, gefin upp sem metasaklór) (R)	Prófenófos (F)	Kvisalófóp (summa kvisalófóps, salta þess, estera (þ.m.t. própákvísafóp) og tilsvaramandi afleiða, gefin upp sem kvisalófóp (öll hlutföll skyldra hverfna))	Þiabendasól (R)	Triadimenól (öll hlutföll skyldra hverfna)
1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)
0100000	NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR		0,02 (*)				0,01 (*)
0110000	Sítrusávextir	0,01 (*)		0,01 (*)	0,02 (*)	7	
0110010	Greipaldin						
0110020	Appelsínur						
0110030	Sítrónur						
0110040	Súraldin						
0110050	Mandarínur						
0110990	Annað (2)						
0120000	Trjáhnetur	0,02 (*)		0,02 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)	
0120010	Möndlur						
0120020	Parahnetur						
0120030	Kasúhnetur						
0120040	Kastaníuhnetur						
0120050	Kókoshnetur						
0120060	Heslihnetur						

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)
0120070	Goðahnetur						
0120080	Pekanhnetur						
0120090	Furuhnetukjarnar						
0120100	Pistasíuhnetur						
0120110	Valhnetur						
0120990	Annað (2)						
0130000	Kjarnaávéxtir	0,4		0,01 (*)	0,02 (*)		
0130010	Epli					4 (+)	
0130020	Perur					4	
0130030	Kveði					3	
0130040	Trjámisspilsaldin			(**)		3	
0130050	Dúnepli/japansplómur			(**)		3	
0130990	Annað (2)					0,01 (*)	
0140000	Steinaldin			0,01 (*)	0,02 (*)	0,01 (*)	
0140010	Apríkósur	0,01 (*)					
0140020	Kirsuber (sæt)	1					
0140030	Ferskjur	0,6					
0140040	Plómur	0,4					
0140990	Annað (2)	0,01 (*)					

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)
0150000	Ber og smá aldin			0,01 (*)	0,02 (*)	0,01 (*)	
0151000	a) Þrúgur						
0151010	Vínber til neyslu	0,8					
0151020	Vínþrúgur	1,5					
0152000	b) Jarðarber	1,5					
0153000	c) Klungurber	0,01 (*)					
0153010	Brómber						
0153020	Daggarber						
0153030	Hindber (rauð og gul)						
0153990	Annað (2)						
0154000	d) Önnur smá aldin og ber	0,01 (*)					
0154010	Aðalbláber						
0154020	Trönuber						
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber						
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)						
0154050	Rósaldin			(**)			
0154060	Mórber (svört og hvít)			(**)			
0154070	Eplapyrniber/Miðjarðarhafstrjámisaldin			(**)			
0154080	Ylliber			(**)			
0154990	Annað (2)						

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)
0160000	Ýmis aldin með				0,01 (*)		
0161000	a) Ætu hýði	0,01 (*)		0,01 (*)			
0161010	Döðlur					0,01 (*)	
0161020	Fíkjur					0,01 (*)	
0161030	Ólífur til átu					0,01 (*)	
0161040	Gullappelsínur					7	
0161050	Stjörnualdin			(**)		0,01 (*)	
0161060	Gallaldin			(**)		0,01 (*)	
0161070	Jövuplómur			(**)		0,01 (*)	
0161990	Annað (2)					0,01 (*)	
0162000	b) Óætu hýði, lítil	0,01 (*)		0,01 (*)		0,01 (*)	
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)						
0162020	Litkaber						
0162030	Píslaraldin						
0162040	Kaktusfíkjur			(**)			
0162050	Stjörnuepli			(**)			
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí			(**)			
0162990	Annað (2)						

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)
0163000	c) Óætu hýði, stór						
0163010	Lárperur	0,01 (*)		0,01 (*)		20 (+)	
0163020	Bananar	0,3		0,01 (*)		6	
0163030	Mangó	0,01 (*)		0,2		5	
0163040	Papæjaldin	0,01 (*)		0,01 (*)		10	
0163050	Granatepli	0,01 (*)		0,01 (*)		0,01 (*)	
0163060	Morgunberkjur	0,01 (*)		(**)		0,01 (*)	
0163070	Gvövrur	0,01 (*)		(**)		0,01 (*)	
0163080	Ananas	0,01 (*)		0,01 (*)		0,01 (*)	
0163090	Brauðaldin	0,01 (*)		(**)		0,01 (*)	
0163100	Dáraaldin	0,01 (*)		(**)		0,01 (*)	
0163110	Nónberkjur	0,01 (*)		(**)		0,01 (*)	
0163990	Annað (2)	0,01 (*)		0,01 (*)		0,01 (*)	
0200000	NÝTT eða FRYST GRÆNMETI						
0210000	Rótar- og hnýðisgrænmeti			0,01 (*)			0,01 (*)
0211000	a) Kartöflur	0,01 (*)	0,02 (*)		0,1	0,04 (+)	
0212000	b) Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti	0,01 (*)	0,02 (*)		0,01 (*)		
0212010	Kassavarætur					0,01 (*)	
0212020	Sætar kartöflur					3	
0212030	Mjölrótarhnýði					0,01 (*)	
0212040	Örvarætur			(**)		0,01 (*)	
0212990	Annað (2)					0,01 (*)	

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)
0213000	c) Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum					0,01 (*)	
0213010	Rauðrófur	0,06	0,02 (*)		0,06		
0213020	Gulrætur	0,01 (*)	0,02 (*)		0,2		
0213030	Hnúðsillur/hnúðselleri	0,01 (*)	0,02 (*)		0,08		
0213040	Piparrót	0,01 (*)	0,9		0,08		
0213050	Ætihnúðar	0,01 (*)	0,02 (*)		0,08		
0213060	Nípur	0,01 (*)	0,02 (*)		0,2		
0213070	Steinseljurætur	0,01 (*)	0,02 (*)		0,2		
0213080	Hreðkur	0,01 (*)	0,06 (*)		0,2		
0213090	Hafursrætur	0,01 (*)	0,02 (*)		0,2		
0213100	Gulrófur	0,01 (*)	0,9		0,06		
0213110	Næpur	0,01 (*)	0,9		0,08		
0213990	Annað (2)	0,01 (*)	0,02 (*)		0,2		
0220000	Laukar	0,01 (*)		0,02 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0220010	Hvítlaukur		0,06 (*)		0,04		
0220020	Laukar		0,02 (*)		0,04		
0220030	Skalottlaukar		0,02 (*)		0,04		
0220040	Vorlaukar og pípulaukar		0,02 (*)		0,01 (*)		
0220990	Annað (2)		0,02 (*)		0,01 (*)		

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)
0230000	Aldingrænmeti		0,02 (*)			0,01 (*)	0,01 (*)
0231000	a) Náttskuggaætt og stokkrósaætt						
0231010	Tómatar	0,8		10	0,05		
0231020	Paprikur	1		0,01 (*) (+)	0,01 (*)		
0231030	Eggaldin	0,01 (*)		0,01 (*)	0,05		
0231040	Okrur	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)		
0231990	Annað (2)	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)		
0232000	b) Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði	0,15		0,01 (*)	0,01 (*)		
0232010	Gúrkur						
0232020	Smágúrkur						
0232030	Dvergbítar						
0232990	Annað (2)						
0233000	c) Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði	0,3		0,01 (*)	0,01 (*)		
0233010	Melónur						
0233020	Risagrasker						
0233030	Vatnsmelónur						
0233990	Annað (2)						
0234000	d) Sykurmaís	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)		
0239000	e) Annað aldingrænmeti	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)		
0240000	Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni Brassica)	0,01 (*)		0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)
0241000	a) Blómstrandi kál		0,06 (*)		0,4		
0241010	Spergilkál						
0241020	Blómkál						
0241990	Annað (2)						
0242000	b) Kálhöfuð						
0242010	Rósakál		0,06 (*)		0,01 (*)		
0242020	Höfuðkál		0,4		0,6		
0242990	Annað (2)		0,02 (*)		0,01 (*)		
0243000	c) Blaðkál				0,01 (*)		
0243010	Kínakál		0,6				
